

**228. fundur hafnarstjórnar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þriðjudaginn 18. janúar 2022 og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Marzellius Sveinbjörnsson formaður, Anna Ragnheiður Grétarsdóttir aðalmaður, Sigríður Gísladóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ólafur Baldursson, Sigurður Jón Hreinsson aðalmaður og Högni Gunnar Pétursson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Sigurður J. Hreinsson og Guðmundur M. Kristjánsson voru viðstaddir fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

**Dagskrá:**

**1. Sundabakki - framkvæmdir: Dekkjabybbur á Sundabakka - 2016090029**

Lagt fram erindi frá Kjartani Elíassyni, f.h. framkvæmdasviðs Vegagerðarinnar, dags. 13. janúar 2022, þar sem greint er frá tilboðum sem bárust í að útbúa dekkjabybbur á Sundabakka.

Alls bárust sex tilboð í verkið og var lægsta tilboðið frá Sjóttækni ehf. á Tálknafirði, kr. 49.593.691,-.

Vegagerðin leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.

*Hafnarstjórn samþykkir tillögu Vegagerðarinnar um að ganga til samninga við lægstbjóðanda.*

**2. Sundabakki - framkvæmdir: Forsendur fyrir rafmagnsdreifingu á Sundabakka á Ísafirði - 2016090029**

Kynnt minnisblað frá Brynjari Bragasyni og Atla Má Ágústssyni f.h. verkfræðistofunnar Eflu, dags. 5. janúar 2022.

Í minnisblaðinu eru settar fram helstu forsendur hönnunar rafdreifikerfis Sundabakka sem lagt er til að Ísafjarðarhöfn miði við sem upplegg fyrir Orkubú Vestfjarða til að meta hámarksaflþörf fyrir nýjan hafnarkant, þar með talið fyrir landtengingar skipa.

*Minnisblað lagt fram til kynningar.*

**3. Hafnasamband Íslands - ýmis erindi og fundargerðir 2021-2022 - 2021020042**

Kynnt skýrsla Hafnasambands Íslands um nýframkvæmda- og viðhaldsþörf hafna innan sambandsins fyrir árin 2021-2030.

Einnig kynnt fréttatilkynning sambandsins um skýrsluna.

*Skýrsla lögð fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30**

---

Marzellius Sveinbjörnsson

---

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir

---

Ólafur Baldursson

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Högni Gunnar Pétursson

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Tinna Ólafsdóttir